

Ættum við ekki að vera hrædd við hann?

Þið eruð hrædd við suma gesti, börn; þið farið þá helst út í horn og felið ykkur, þegar þið sjáið þá.

En við þennan ókunna og einkennilega gest eruð þið ekki neitt hrædd. Þið farið ekki í neinar felur fyrir honum. Þið ósjálfrátt fagnið honum.

Það er vonin í ykkur, sem fagnar — vonin, sem gerir gestinn í augum ykkar svo fallegan og góðan.

GOTT AR.

Það er einmitt það, sem þið viljið og vonist eftir, að árið verði gott. Enda viljum við það öll. Þess vegna óskum við hverjir öðrum góðs og blessaðs nýárs.

Þurfa nú vonir ykkar að bregðast? Nei. Og þess vegna þurfið þið ekki að óttast nýja gestinn ókunna og einkennilega.

Hann vill vera ykkur góður gestur. Kemur einmitt í þeim tilgangi. Er sendur af guði til ykkar til þess að vera ykkur góður gestur.

Guð er góður. Og frá honum koma að eins góðar gjafir. Og hann gefur okkur þær allar til þess að þær verði okkur öllum að eins til góðs.

GÓÐ BÖRN.

Undir einu er komið, börn, hvort ný gesturinn verður ykkur góður gestur. Undir því er það komið, hvernig þið verðið við hann. Þið sjálf berið ábyrgðina.

Þið getið látið árið verða gott. Og þið getið líka látið það verða slæmt.

„Nú, ef það er undir okkur komið, þá verður árið gott“ — segið þið. „Við viljum, að það verði gott.“

Jæja þá! Látið það þá verða gott. Það stendur á ykkur. Það stendur ekki á guði.

„En hvernig eigum við að fara að því, að láta árið verða gott?“ — spyrjið þið.

Hvernig eigið þið að fara að því? Það skal eg feginn segja ykkur. Þið eigið að vera góð.

„Verður árið gott þá?“ — Já. Árið verður gott þá. Allveg áreiðanlega gott.

„En hvernig eigum við að vera góð?“

Mér þykir vænt um, að þið spyrjið að því. Eg skal segja ykkur það. Þið eigið að fara vel með árið — *nota það vel*. Þá